

HEIMANÁM

- Nauðsyn eða tímaskökkja?

Heimanámið getur verið svolífill höfuðverkur fyrir bæði börn og foreldra þegar álagið er mikið. Vikan ræddi við Hrefnu Sigurjónsdóttur, verkefnastjóra hjá Heimili og skóla og SAFT, um það hvernig best sé að tækla verkefnið en einnig hvort það eigi enn rétt á sér.



Hrefna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri.

Hvernig finnst ykkur afstaða foreldra vera til heimanáms?

„Afstaða foreldra er misjöfn og skoðanir skiptar, eins og við er að búast. Sumum þykir heimanámið fullmikið og að börn eigi að eiga frítíma að skóladegi loknum. Þá hefur verið spurt hvort fullorðnir myndu vilja taka hluta af vinnunni heim með sér dag hvern? Einhverjir telja heimanámið miðast við fyrri tíð þegar skóladagurinn var styttri og mæður almennt heimavinnandi. Einnig hafa efasemdarmenn bent á að ekki séu allir foreldrar í stakk búinir til að aðstoða börn sín við námið og hafa velt upp þeirri spurningu hvort heimanámið skapi óþarfa streitu og fækki gæðastundum foreldra og barna? Öðrum þykir skorta á að sýnt hafi verið fram á að heimanám bæti í raun námsárangur barna á meðan aðrir benda á að rannsóknir sýni að markviss þátttaka foreldra í heimanámi geti skilað bættum námsárangri nemenda.

Aðrir eru hlynttir heimanámi og telja mikilvægt bæði fyrir börn og foreldra að barnið fái verkefni með sér heim. Auðvitað þarf að gæta hófs og heimanámið má ekki verða of mikið en flestir skólar (a.m.k. hjá yngri stigum) hafa tekið upp þann sið að heimanámi skuli skilað einu sinni í viku. Það ætti að auðvelda foreldrum að finna tíma sem hentar til að setjast niður með börnunum og aðstoða við heimanámið. Einnig hefur verið bent á að á seinni stigum sé heimanám forsenda árangurs

og því sé börnum nauðsynlegt að læra að temja sér skipulag og einbeitingu til að sinna heimanámi. Einnig telja sumir foreldrar heimanámið vera tækifæri til að upplifa með börnunum hvað þau eru að fjalla um í skólanum á hverjum tíma.

Hefur sú umræða komið upp að fella heimanámið inn í skólastarfið?

Já, sú umræða hefur komið upp og er í raun lifandi. Sífellt er verið að ræða kosti og galla heimanáms og eðlilegt er að áherslur grunnskóla hvað varðar heimanám komi fram í skólánámskrá hvers skóla. Það er staðreynd að sá tími sem börn dvelja í skólanum er orðinn lengri en nokkru sinni fyrir. Þar sem grunnskólanám hefur lengst þá er nauðsynlegt að skoða tilgang og eðli heimanáms. Skólatími í hverri viku hefur lengst og tími nemenda á árinu til annarra viðfangsefna hefur þar af leiðandi styst á meðan framboð á ýmiss konar íþróttum og tómsundum hefur stóraukist. Kennarar og skólastjórnendur hafa sumir haft orð á því að með aukinni afþreyingu og tómsundum hafi tími nemenda til slökunar, næringar og svefns minnkað og því eigi margir nemendur í auknum mæli erfitt með að skipulagja tíma sinn. Bitnar það oft á heimanáminu. Aðrir nefna að heimanám sé nauðsynlegur hluti af skólastarfinu. Heimanám sé hugsað til þess að ljúka ónunnum verkefnum í skólanum og í því felist að vinna verkefni sem festa

atriði náms betur í minni. Einnig sé það hugsað til að undirbúa efni kennslustundar og heimanámi er ætlað að temja nemendum sjálfstæði og sjálfsaga í vinnu. Eitt mikilvægasta atriðið að margra mati er þó að foreldrar fái tækifæri til að fylgjast með náminu og styðja við börn og unglinga. Útfærsla á heimanámi er í höndum einstakra skóla án afskipta menntamálayfirvalda. Ef foreldrar eða nemendur eru óánægðir með stefnu skólans er eðlilegt að koma ábendingum til umsjónarkennara og skólastjórnenda, skólaráðs skólans og skólanefndar viðkomandi sveitarfélags.

JÁKVÆTT VIÐHORF FORELDRA MIKILVÆGT

Þessi umræða er gagnleg og vekur foreldra og forráðamenn sem og kennara og skólastjórnendur til umhugsunar. Hins vegar er mikilvægt að foreldrar séu jákvæðir ef heimanám er til staðar á annað borð, þ.e. þeir mega ekki gera lítið úr vægi þess fyrir framan börnin því þá er ekki hægt að búast við því að börnunum þyki það merkilegt.

Foreldrar eiga að sýna skólastarfinu áhuga og stuðla að jákvæðu viðhorfi barna sinna til námsins og skólans. Nauðsynlegt er að skólinn og foreldrar stilli saman strengi sína. Við hjá Heimili og skóla – landsamtökum foreldra veitum foreldrum upplýsingar en tókum þó ekki afstöðu með eða á móti heimanámi heldur virðum mismunandi afstöðu þeirra. Heimanám

getur stuðlað að bættum námsárangri og verið jákvæður hluti af fjölskyldulífinu en vert er að gefa því gaum að ef rangt er að því staðið getur það íþyngt nemendum og fjölskyldum þeirra.

Foreldrar með fleira en eitt barn hljóta að verja miklum tíma í heimanám barna sinna. Getur ekki verið að stundum sé álagið fullmikið?

Þetta er auðvitað misjafnt eftir fjölskyldum og stundum getur álagið verið talsvert. Ekki má ofhlaða verkefnum á börn þannig að þeirra vinnuálag verði meira en gerist og gengur á venjulegum vinnudegi. Einstaklingsmiðað nám, sem nú er við lýði í flestum skólum landsins, gerir ráð fyrir að börn setji sér markmið og vinni sjálfstætt. Í sumum skólum setja börn sér vikuáætlun og læra að standa við hana. Þó er ekki nauðsynlegt að öll vinnan fari fram heima. En þar sem börn eru núorðið lengur undir handleiðslu kennara og annars fagfólks en skemur með foreldrar sínum þá eru gerðar auknar kröfur til skólans varðandi uppeldi og forvarnir sem áður voru alfarið í höndum foreldra. Því er nauðsynlegt að skólinn og foreldrar gangi í takt. Skólinn kemur aldrei í stað góðra foreldra og til þess að börnum farnist vel í námi og skólastarfi þarf að gera ráð fyrir að foreldrar séu þar í lykilhlutverki. Því þurfa skólinn og foreldrar að vinna markvisst saman.

ÁHUGI FORELDRA HEFUR MESTU ÁHRIFIN Á NÁMSÁRANGUR

Nanna Kristín Christiansen hefur skrifað bókina Skóli og skólaforeldrar þar sem hún bendir á að grunnskólinn sé eina opinbera stofnunin sem allir foreldrar þurfi að vera í samstarfi við í allt að tíu ár. Því megi fullyrða að grunnskólinn hafi ekki aðeins mikil áhrif á daglegt líf barna heldur einnig á foreldra þeirra. Þegar börn verða nemendur í grunnskóla verða foreldrar þeirra jafnframt skólaforeldrar og vill Nanna Kristín meina að það sé enn mikilvægara hlutverk en við höfum almennt gert okkur grein fyrir. Rannsóknir sýna að þátttaka foreldra í skólastarfi og áhugi þeirra á námi barnanna hafi langmest áhrif á námsárangur og má þar til dæmis nefna rannsóknir Charles Desforges, prófessors við Háskólann í Exeter. Nú óar kannski einhverja foreldra við að lesa þetta og spyrja sig hvernig þeir eigi að

„SKÓLINN KEMUR ALDREI Í STAÐ GÓÐRA FORELDRA OG TIL ÞESS AÐ BÖRNUM FARNIST VEL Í NÁMI OG SKÓLASTARFI ÞARF AÐ GERA RÁÐ FYRIR AÐ FORELDRAR SÉU ÞAR Í LYKILHLUTVERKI.“



finna tíma til að vera skólaforeldrar? Foreldrar í dag eru flestir önnur kafnir og oftast en ekki með samviskubít yfir að eyða ekki nógu miklum tíma með börnunum. Foreldrar eru yfirleitt í fullri vinnu, jafnvel með fleiri en eitt barn og hafa auk þess sín eigin áhugamál og viðfangsefni. Hins vegar eru skóli og heimili orðin það samofin að ef þú ætlar að ala upp barnið þitt þarftu að eiga samskipti við skólann. Mikilvægast er að veita börnum stuðning og temja sér jákvætt viðhorf. Margir foreldrar veita börnum sínum stuðning í íþróttum og öðrum tómstundum og hvetja börn sín þar áfram og stappa í þau stálinu. Það sama gildir um skólann.

Hvað með börn með hegðunarraskanir? Eru til einhver góð ráð fyrir foreldra þeirra?

Oft þurfa foreldrar í þeim sporum að eyða meiri tíma í heimanám barnsins og að gefa sér góðan tíma í að lesa fyrir þau og vinna með þeim. Vissulega gengur það misvel og sá tími sem sum börn í þessum sporum nota til heimanámsins er mun meiri en almennt gerist. Þetta getur skapað mikið álag og valdið gremju og því er mikilvægt að

skilningur sé milli heimilis og skóla þar að lútandi. Umsjónarkennarar eiga að vera upplýstir um aðstæður barnsins og sýna þeim skilning þótt auðvitað þurfi námið að hafa sinn gang, en þá meira í takt við einstaklinginn. Mikilvægt er að leggja áherslu á grundvallarþætti eins og lestur, skrift og reikning sem eru forsenda frekara náms. Þá þarf að forgangsraða verkefnum og reyna að finna hvaða verkfæri eða aðferðir henta barninu best. Gott er að leita aðstoðar námsráðgjafa og annarra sérfræðinga við að skipuleggja námið. Nemandur eiga að fá kennslu við hæfi og skólinn á að geta sýnt að þeim fari fram þann tíma sem þeir eru þar í námi. Nýju grunn-skólalögin opnuðu fyrir aukinn aðgang foreldra að skólastarfinu og sjálfsagt er að foreldrar nýti sér það tækifæri og séu í góðu sambandi við umsjónarkennara, skólastjóra og aðra foreldra.

STUTT HLÉ EÐA HLJÓÐ- BÆKUR GÓÐAR LAUSNIR

Mikilvægt er að taka frá tíma til heimalærdómsins og gott getur verið að gera stutt hlé inn á milli. Jákvæð styrking getur gefist vel og gott er að læra alltaf á sama stað. Hægt er að fá sér skeið-

klukku eða annað mælitæki til að afmarka vinnustundir og þá má barnið hvíla sig í smástund þegar klukkan hringir. Þessi leið hentar sumum þar sem hún býtar niður vinnutímann og gerir hann viðráðanlegri. Við þekkjum það öll að léttara er að vinna þegar við höfum notalegt í kringum okkur og allt sem til þarf er við höndina. Einnig er vert að gefa því gaum að við notum mismunandi aðferðir til að læra og því er eðlilegt að virða hvaða aðferðir henta barninu best. Sumir vilja hreyfa sig eða tengja námið við liti, aðrir lesa upphátt og/eða hlusta á tónlist á meðan enn aðrir kjósa algjöra þögn og rólegheit. Fyrir börn með lestrarerfiðleika er hægt að fá hljóðbækur lánaðar og einnig má nýta Netið og tölvur í þessu tilliti. Góður svefn og holl fæða skipta svo ávallt máli í þessu sem öðru. Hlutverk foreldra og forráðamanna í heimanámi er ekki hvað síst að skapa einhvers konar ramma um námið og sýna áhuga.

Hversu mikið er ráðlegt að foreldrar skipti sér af heimanámi barna sinna?

Foreldrum ber að sýna námi barna sinna áhuga og þar með

talið heimanámi. Auðvitað er misjafnt eftir börnum hversu mikla aðstoð þau þurfa við heimanámið en foreldrar eiga þó alltaf að veita þeim þann stuðning sem þau þarfnast. Mestu skiptir að vera til staðar. Foreldrar eiga ekki einfaldlega að gefa börnum svörin, þannig læra þau ekki efnið, heldur eiga þeir að aðstoða þau við að finna lausnina. Stór hluti uppeldis er fólgin í því að láta barnið smám saman axla ábyrgð á gjörðum sínum. Því er eðlilegt að með auknum aldri og þroska færast ábyrgðin meira á hendur unglínganna. Foreldrarnir þurfa þó alltaf að vera tiltækir, það er hluti af uppeldinu. Að takast á við heimanám á eigin forsendum undir leiðsögn foreldra er góð leið til að byggja upp sjálfstæðar vinnuvenjur en heimanámið þarf að vera markvisst.

Á heimasíðunni: <http://heimiliogskoli.is> má finna gagnlegar ábendingar um heimanám undir flípanum: Útgefið efni/Plaköt. Þar er veggspjald um heimanám sem sækja má á skrifstofu Heimilis og skóla og einnig er þar bæklingur um heimanám og punktar fyrir foreldra.